Afstöðumynd

1 : 500

Sunnansýn



Norðansýn

Byggingarlýsing:

Almenn lýsing
Á lóðinni Glimmerskarð 2-6, landeignarnúmer L225463 er fyrirhugað að reisa raðhús með þrem íbúðum á tveim hæðum.
Raðhúsin eru ekki hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar þar sem grunnfletir eru stallaðir með enga lyftuskyldu.
Hönnuður telur að hægt sé að uppfylla allar stærðarkröfur fyrir áætlaðan íbúafjölda í hverjum eigarhluta fyrir sig .
Aðgengi að húsunum fyrir akandi og gangandi umferð er frá Glimmerskarði. Frágangur lóðar á lóðarmörkum er framkvæmdur í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Aðgengi slökkviliðsbíla er frá Glimmerskarði og Hádegisskarði

Helstu stærðir og nýtingarhlutfall

Matshluti 01

Húsnúmer / Eignarhald	**Hæð**	**Flatarmál**	**Rúmmál**	**Lóðarstærð**	**Nýtingarhlutfall**
Glimmerskarð 2 / 0101	1	129,9m^2	354,5,5m2		
	2	145,7m^2	458,75m2		
Glimmerskarð 4 / 0102	1	129,9m^2	354,5,5m2		
	2	145,7m^2	458,75m2		
Glimmerskarð 6 / 0103	1	129,9m^2	354,5,5m2		
	2	145,7m^2	458,75m2		
Samtals		823,8m^2	2.529,5m2	1.661,9	0,52

Bílastæðabókahald
Bílastæðakrafa er 3 stæði á lóð við Glimmerskarð þ.e. 1 stæði á raðhús.
Gert er ráð fyrir lagnaleið vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði samkvæmt ákvæðum BR. gr. 6.7.1.

Burðarvirki,
Sökklar, botnplata, millipallur og stigi frá millipalli að neðri hæð er staðsteypt með járnbentri steinsteypu.
Milligólf og veggir eru létt timburvirki úr hefðbundnu timbri, sjá nánar í brunalýsingu
Þakvirkið er úr timbursperum með borðaklæðningu, sjá nánar í brunalýsingu.
Burðarveggir milli íbúða eru tvöfaldir. Svalir eru gerðar úr stálvirki með stálstoðum undir horn fjærst útveggjum, sjá nánar í brunalýsingu..
Stigi frá millipalli að efri hæð er úr timbri.

Útveggir
Burðargrind er klædd með 12mm OSB-plötum að utanverðu og endanlegri málmklæðningu sem fest er við viðurkennt festingarkerfi með burðarstoðum. Loftbil milli OSB platna og málmklæðningar skal ekki vera minni en 20mm. Burðargrindin er einangruð með steinull og rakasperru (0,2mm þolplasti) eða sambærilegu. Innan við rakaperrulagið er lagnagrind sem er klædd með spónaplötum eða sambærilegu og 13mm gifsplötum. Gæta skal vel að samsetningu rakaperrunar að hún haldi vel.

Þakvirki

Þakvirkið er varið með þakpappa sem er endasoðinn. Þakið er lektað með 34x70 mm grindarefni og klætt af með báraðri álklæðningu í lit og gengið frá endum með tilheyrandi flasningum, bárujárn skal vera með tvöfaldri læsingu. Þvert á þaksperrur eru settar timburlektur sem mynda þverloftun.
Útloftun þaks skal ekki vera minni en 7200 mm2 í hvert lektubil -eða 3600 mm2 til hvors enda. Yfirdrifin, eða 11000mm2 loftun/lektubil, næst með loftun úr bilunum út í þakbrúnir yfir lofturnarbil úttveggja. Flugnanet er yfir 20mm loftbil við þakkant, sem að öðru leyti er lokað með borðaklæðningu festri upp undir þá sperrustúfa sem þakkantinn bera.
Ofan á timburlekturnar er sett borðaklæðning eða sambærilegt, sem er rakavarin með þakpappa og báraðri málmklæðningu.
Þakið er einangrað með þakull **með áfastri vindvörn**, rakasperru að neðan (0.2mm þolplast) eða sambærilegu, undirliggjandi lagnagrind og loftaklæðningu úr efnum í að minnsta kosti flokki I. Gæta skal vel að samsetningu rakaperrunar að hún haldi vel

Milligólf
Á gólfbitana eru settar 22 mm samfelldar spónaplötur með hljóðdúk og yfirliggjandi gólfefnum. Milli bita er steinull og undir bitum eru tvö lög af 13 mm gifsi, sjá nánar í brunalýsingu.

Milliveggir
Berandi milliveggir eru úr timburgrindarefnum , einangraðir með steinull og klæddir á báðum hyrðum með tvöföldu lagi af gifsi eða sambærilegu. Aðrir milliveggir eru úr timbri eða blikkstoðum sem eru klæddar með tvöföldu lagi af 13mm gifsplötum. Gæta skal að í votrýmum er notast við vatnsþolnar klæðningarplötur.

Gluggar og útihurðir
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir úr timbri /áli og glerjaðir með tvöföldu K-gleri. Öryggisgler er í svalahurðum, enda eru þær glerjaðar lægra en 60cm frá gólfi. Öll glerjun í samræmi við samræmi við BR 8.5.2.
Útihurðar eru úr timbri.

Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf.
Einangrun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112

U-gildi byggingarhluta	W/m²K	Einangr.(þykkt)	Gerð
U-gildi Útveggja	0,31 W/m²K	120 mm	Steinull
U-gildi Glugga	1,50 W/m²K		
U-gildi Hurða	1,30 W/m²K		
U-gildi Þaks	0,19 W/m²K	250 mm	Steinull
U-gildi Botnplötu	0,24 W/m²K	100	Plasteinangrunn(EPS)

Niðurstöður varmatapsútreikninga
Heildarvarmatap á fermetra húss: **0,56** W/m² °C. Útreikningar skv. gr. 13.2.3.
Krafan er 0,75 W/m² °C

Loftræsing
Húsið er loftað með náttúrulegri loftræsingu með opnun glugga og hurða. Í aflokuðum gluggalausum rýmum, er loftræsing og í eldhúsi, baðherbergjum og þvottahúsi verður vélknúin loftræsing.

Handrið
Svalarhandrið eru úr lóðréttum stálprófílum þar sem bil milli teina er ekki meir en 89 mm. Hæð handriðs yfir svalargólfi er minnst 1.10 m. Stigar milli hæða liggja að veggjum á báða bóga og eru viðar handlistar festir við veggina í 40 mm fjarlægð frá vegg; efri brúnhandlista að hámarki í 90cm hæð frá tröppunefi í samræmi við BR 6.5.2.

Stoðveggir
Stoðveggur eru við enda bílastæða.

Útitröppur
Útitröppur skulu staðsteyptar eða gerðar úr steyptum einingum. Öll handrið eru úr lóðréttum stálprófílum. Bil milli prófíla skulu ekki vera meiri en 89 mm. samkvæmt gr. 6.5.3 BR.

Skjólveggir
Allir skjólveggir á lóð eru úr timbri og ekki hærri en 1.5 m.

Lagnir
Húsið er upphitað með hefðbundinni ofnalögn á öllum hæðum. Neysluvatns og þrifalagnir eru plastlagnir.
Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn og er hann staðsettur við inntak í húsið. Hitastig er hámark 60°C til 65°C.
Allar lagnir eru leiddar um lagnastokka (brunamótstaða EI 60) niður í grunnlagnakerfi hússins.

Brunalýsing

Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð ÖRUGG verkfræðistofu dags. 17.11.2022. Brunahönnun tekur til þriggja íbúða raðhúss á tveimur hæðum við Glimmerskarð 2a-8a í Hafnarfirði.

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Byggingin er íbúðarhús í notkunarflokki 3. Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m^2.

Brunaviðvörun
Í hverri íbúð skulu vera stakir reykskynjarar í samræmi við ÍST EN 14604, lágmark einn skynjari á hverja 80 m2 og einn á hverri hæð, staðsettir skv. aðaluppdráttum. Mælt er með því að íbúðar setji upp reykskynjara í öll svefnrými til viðbótar við alrými íbúða.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Í hverri íbúð skulu vera tvö 6l léttvatnstæki með slökkvigetu 21A og 183B, eitt á hvorri hæð. Mælt er með því að hafa eldvarnarteppi í eldhúsi.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Ekki er krafa um neyðarlýsingu eða leiðarmerkingar í byggingunni. Utanhúss skal vera almenn lýsing, þ.a. auðvelt sé að komast klakklaust frá húsi. Miða skal við a.m.k. 10 lúx við hús.

Rýming við eldsvoða
Tvær óháðar rýmingarleiðir eru frá öllum íbúðum. Viðmiðunarkröfur byggingarreglugerðar um göngulengdir flóttaleiða innan íbúða eru uppfylltar.
Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra.

Klæðningar og einangrun
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss verða í flokki 1 K210 B-s1, d0 (flokkur 1).
Útveggir eru timburveggir, uppbyggðir með timburgrind einangraðri með steinull og klæddir að utan með málmklæðningu í flokki B-s1,d0.
Gert er ráð fyrir að festingakerfi sé úr málmi (flokki A2). Burðargrindin er einangruð með steinull og rakaspert með 0,2mm þolplasti eða sambærilegu sem uppfyllir B-s1,d0. Innan við rakaperrulagið er lagnagrind sem er klædd með tvöfaldri gifsklæðningu, (2x13mm).
Þök verða úr timbri, einangruð með óbrennanlegri einangrun og klædd með málmklæðningu í flokki B(roof)(t2) skv. ÍST EN 13501-5.

Brunahólfun
Brunahólfun er sýnd á teikningum. Brunahólfandi skil á milli íbúða skulu uppfylla REI90 brunamótstöðu. Baðherbergisgluggar á 2. hæð verða E30 vegna sambrunahættu við þak.

Loftræsing
Loftræsing verður hönnuð og útfærð skv. gr. 9.6.14 í byggingarreglugerð.

Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs
Byggingin verður í um 6,6 km fjarlægð frá slökkvistöðinni við Skútahraun. Viðbragðstími er metinn undir 10 mínútum skv. brunavarnaáætlun.
Slökkvilið getur þurft að aðstoða við rýmingu frá svölum íbúða. Gert er ráð fyrir að slökkviliðið reyklosi einstök rými um glugga og dyr.

Burðarvirki við bruna
Lóðrétt burðarvirki í brunaskilum á milli íbúða skulu uppfylla R90, hæðaskil og þakvirki skulu uppfylla R60 brunamótstöðu.
Milligólf skal uppfylla REI60. Sýnt skal fram á með útreikningum burðarþolshönnuðar að burðarvirki bygginganna standist framangreindar kröfur. Svalir skulu klæddar að neðan með klæðningur sem uppfyllir K_220 B-s1,d0 t.d. 16 mm Viroc plötum

Hljóðvist

Í töflu 1 má lesa lofthljóðeinangrun í hljóðflokki C : R'w =
1. Innbyrðis milli íbúðareininga og sameignar 55 dB
2. Á milli íbúðareininga og atvinnustarfsemi 60 dB
3. Á milli íbúðareininga og sameignar þar sem um litla truflun er að ræða 48 dB

Í töflu 5 má lesa hámarks hljóðstig frá umferð í hljóðflokki C : Lp,Aeq 24h =
1. Í íveruherbergjum íbúða frá umferð eða öðrum hljóðgjöfum 30 dB
2. Í íveruherbergjum íbúða 45 dB max 10 atvik eða fleiri á einni nóttu kl 23 til 07, en ekki einstök atvik
3. 5 dB hærri gildi eru leyfð í eldhúsum, baðherbergjum, þvottaherbergjum o.þ.h_

Hljóðflokkar
Flokkur C
Tilgreinir viðmiðunargildi fyrir nýbyggingar og fyrir breytingar á byggingum þar sem gerðar eru sömu kröfur og í nýbyggingum.
Búast má við að allt að 20% einstaklinga í íbúðarhúsnæði geti orðið fyrir truflunum vegna hljóðs eða hávaða.
Hljóðeinangrun gegn útihávaða ræðst mikið af hljóðeinangrun glugga. Rétt er að nota misþykkt gler og þá 4 og 6 mm með 20 mm loftbili, sem gefur hljóðeinangrunargildið R'w = 36 dB.
Samkvæmt töflu 7 í staðlinum ÍST 45:2016 eru eftirfarandi gildi útihávaða frá umferð í gildi miðað við hljóðflokk C:

- Á útisvæðum og fyrir utan glugga 55 dB og á a.m.k. við eina hlið íbúðar 50 dB

Lýsing á lausnum
Samkvæmt hljóðflokki C, skal hljóðeinangrun milli íbúða raðhúsa vera 55 næst með 25 cm þykkum steyptum vegg milli íbúðanna.
Útihurðir skulu hafa hljóðeinangrunargildið Rw'=40 dB, enda skal vera möguleiki á rennihurðum í anddyrum sem bæta að lágmarki Rw'=6 dB. Plötuþykkt milli hæða ef þannig háttar til skal vera 22 til 25 cm.
Sjá teikningar arkitekta.
Til að mæta kröfum um umferðarhávaða skal nota misþykkt gler í samfellu sem er 6+20+4mm, sem gefur hljóðeinangrunina R'w 36 dB í alla glugga. Reiknað er með opnanlegum gluggum. Jafngildishljóðstig yfir 24 klukkustundir vegna umferðarhávaðainni í íbúðunum skal ekki vera hærra en 30 dB(A) jafngildishávaðastig

Samþykkt þann
23. NÓV. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
[signature]

Tákn

GN	= Gólfniðurfall	**Brunatákn**
ÞN	= Þakniðurfall	
SN	= Svalaniðurfall	**Veggir og hæðaskil**
LR	= Loftræsting	EI60
VLR	= Vélknúin loftræsting	EI90
PK	= Póstkassar	A-EI60
NL	= Neyðarljós	A-EI120
BO	= Björgunarop	REI60
R	= Reykskynjari	REI120
HSL	= Handslökkvitæki	A-REIM120
ÚT	= Merktur útgangur	
HV	= Hitaveita	
VV	= Vatnsveita	**Hurðir**
RR	= Rafmagnsveita	E30-CS
ÚK	= Útikrani	EI30-CS
DS	= Dyrasími	EI60-CS
BO	= Fellistigi við björgunarop	**Gluggar**
	= Brunaslanga	E30
	= Stigleiðsla	
	= Stigleiðsla út	
	= Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis	
	= Inntak	
	= Bílastæði fyrir fatlaða	

ÖRUGG VERKFRÆÐISTOFA
Silvá Kjærnested
Yfirfarið af brunahönnuði
22.11.2022

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

SHS
22.11.22

1:100 0 1 2 3 4 5 m

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur
S. 564.2255 . krark@krark.is
Kt. 581298.3589 . www.krark.is

Glimmerskarð 2-6
Hafnarfjörður

Landeignanúmer: L225463 **Staðgreinir:** XXXX-X-XXXXXXXX

Afstöðumynd og Byggingarlýsing

Raðhús		Aðaluppdrættir	
Verknúmer:	22038IR	**Aðalhönnuður:**	Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669
Mælikvarði:	1 : 500		
Dagsetning:	08.11.2022	**Hönnunarstjóri:**	Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669
Hönnun:	PBJ		
Verkefnastjóri:	KR	**Blað:**	**Útgáfa:**
Teiknað:	PAK	L101	
Yfirfarið:	KR.CRA		

A1

Copyright © KRark _Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - Fjölföldun er háð skriflegu samþykki

Plot: 10/10/22
Save: 22.11.2022 12:47:48
Skrá: Autodesk Docs://22038-39IR-Glimmerskarð 2-6 og 8-12 Haf/22038IR-Glimmerskarð 2-6 Haf.rvt